

Ár 2024, miðvikudaginn 15. febrúar, er dómþing Dómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Halldóri Frímannssyni dómara, Engjateig 6, 104 Reykjavík.

Fyrir er tekið: Mál nr. 7/2023

Jóhann R. Skúlason

gegn

Landssambandi Hestamannafélaga

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR

Mál þetta hófst með kæru móttækinni á skrifstofu ÍSÍ 23. júní 2023. Kærandi er Jóhann R. Skúlason, kt. 250169-5319 og kærði er Landssamband Hestamannafélaga, kt. 710169-3579, Engjavegi 6, 104 Reykjavík. Dómstóll ÍSÍ vísaði málinu frá dómi með úrskurði 4. ágúst 2023 á grundvelli þess að kærufrestur væri liðinn í því. Áfrýjunardómsstóll ÍSÍ sem felldi hinn kærða úrskurð úr gildi með dómi 4. október 2023 og lagði fyrir dómstól ÍSÍ að taka kröfur áfýjanda til efnismeðferðar. Munnlegur málflutningur fór fram í málinu 1. febrúar 2024 og var málið dómtekið í kjölfarið. Var þá sáttaumleitunum og gagnaöflun lokið.

Gögn málsins nr. 1-16 liggja frammi.

I.

Dómkröfur

Kærandi krefst þess að felld verði úr gildi ákvörðun stjórnar Landssambands Hestamannafélaga og landsliðsnefndar sambandsins að víkja kæranda úr landsliðshópi Íslands í hestaíþróttum. Þá er krafist greiðslu málskostnaðar úr hendi kærða.

Kærði krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómstóli ÍSÍ og til vara að kröfum kæranda verði hafnað. Lokst krefst kærði málskostnaðar úr hendi kæranda vegna reksturs málsins.

II.

Málatilbúndur kæranda

Lýsir kærandi málsatvikum með þeim hætti að hann hafi verið um áratuga skeið í landsliði Íslands í hestaíþróttum og unnið til gullverðlauna á heimsmeistaramótum síðast árið 2019. Til stóð að halda heimsmeistaramót á árinu 2021 en vegna COVID faraldursins hafi því móti verið aflýst. Þegar tilkynnt var 14. júlí 2023 um landsliðshóp Íslands vegna heimsmeistaramóts í Hollandi í ágúst 2023 kveðst kærandi ekki hafa verið í þeim hópi líkt og honum bar því hann sé í dag ríkjandi heimsmeistari frá því á heimsmeistaramóti er haldið var á árinu 2019. Kærandi hafi af þeim sökum ritað kærða bréf þann 23. maí 2023 og krafðist þess að hann fengi sæti í landsliðshópnum. Því bréfi var svarað af kærða þann 16. júní 2023 og kvaðst hann þá fyrst hafa verið upplýstur af kærða að honum hefði verið vikið úr landsliðshópnum. Þann 31. október 2021 sendi stjórn kærða frá sér tilkynningu þar sem fram kemur að stjórn kærða og landsliðsnefnd hafi tekið ákvörðun um að víkja ónafngreindum landsliðsmanni úr landsliðshópi Íslands í hestaíþróttum. Kærandi kveðst ekki hafa verið nafngreindur í umræddri fréttatilkynningu og að nafn kæranda hafi ekki verið getið í fundargerð stjórnar kærða 29. október 2021. Kveður kærandi að honum hafi ekki verið send formleg tilkynning um ákvörðun stjórnar kærða um að víkja honum úr landsliðshópnum. Kveður kærandi að formaður kærða hafi haft samband við kæranda í síma nokkru eftir fund stjórnarinnar og upplýst kæranda um ákvörðun stjórnarinnar. Í því samtali hafi ákvörðun stjórnarinnar ekki verið rökstudd né skýringar gefnar á umræddri ákvörðun. Kærandi kveður sig jafnframt ekki hafa haft tök á að tjá sig um málefnið áður en umrædd ákvörðun var tekin.

Kærandi byggir á því að ákvörðun kærða um að víkja kæranda úr landsliðshópnum fái ekki stoð í lögum kærða eða lögum ÍSÍ og brjóti gegn ákvæðum settra laga og stjórnarskrár um atvinnufrelsi. Kærandi kveðst hafa samkvæmt lögum kærða rétt til að taka þátt í heimsmeistaramóti. Vísar kærandi til þess að samkvæmt reglum FEIF (International Federation of Icelandic Horse Associations), sbr. gr. S7.1, eiga ríkjandi heimsmeistarar frá keppni á árinu 2019 rétt til að taka þátt í næsta heimsmeistaramóti. Þær reglur gildi um val á landsliði Íslands í hestaíþróttum. Þau lög telur kærandi vera brotin af kærða með því að víkja honum úr landsliðshópi á þeim grunni að kærandi hafi gerst sekur um brot á ákvæðum almennra hegningarlaga á árinu 1994. Kærandi telur dóminn ekki vera stoð fyrir ákvörðun kærða enda mæli lög kærða ekki fyrir um heimild til að víkja kæranda úr landsliðshópi á þeim grunni. Þá styðji lög ÍSÍ ekki þá niðurstöðu og byggir kærandi á því að ákvörðun kærða verði ekki byggð á gr. 5. a) laga ÍSÍ gagnvart kæranda í málinu. Auk þess byggir kærandi á því að ákvörðun kærða fái ekki stoð í 16. gr. íþróttalaga nr.

64/1998. Telur kærandi hina kærðu ákvörðun vera ólögmæta, ómálefnalega, órökstudda og gerræðislega. Einnig vísar kærandi til þess að hin kærða ákvörðun varði hann miklu fyrir atvinnu enda liggi fyrir að góður árangur keppenda á heimsmeistaramóti auki atvinnumöguleika þeirra að keppni lokinni. Vísar kærandi til þess að ákvörðun kærða að víkja honum úr landsliðshópnum hafi mikil og alvarleg áhrif á atvinnumöguleika hans og brjóti gegn 75. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Þá vísar kærandi til þess verið sé að refsar kæranda umfram þá refsingu sem hann sé nú þegar búinn að afplána skv. dómi frá 1994. Þá sé augljóst að “metoo” bylting hafi ráðið hinni kærðu ákvörðun kærða.

III.

Málatilbúnaður kærða

Kærði gerir þær kröfur að málinu verði vísað frá dómstól ÍSÍ og til vara að kröfum kæranda verði hafnað. Kærði lýsir málsatvikum með þeim hætti að seinni hluta október 2021 hafi formanni kærða borist tvær ábendingar er vörðuðu kæranda. Sú fyrri barst þann 21. október 2021 um dóm sem kærandi hafði hlotið vegna refsiverðrar háttsemi hans í Danmörku. Í kjölfar ábendingarinnar kveður kærði að formaður kærða hafi haft símasamband við kæranda þar sem óskað var eftir hans hlið málsins. Í kjölfarið var ábendingunni svarað af hálfu kærða. Síðari ábendingin barst 28. október 2021 þar sem athygli var vakin á dómi héraðsdóms Norðurlands vestra frá árinu 1994 þar sem kærandi hlaut refsisdóm fyrir kynferðisbrot gegn barni. Í kjölfar umræddra ábendinga kveðst kærði hafa tekið málið upp á fundi stjórnar kærða 29. október 2021, þar sem afgreiðsla var frestað til frekari öflunar gagna. Kærði kvaðst hafa aflað m.a. umrædds dóms Héraðsdóms Norðurlands vestra, staðfestingar á því að dómnum hafi ekki verið áfrýjað til æðra dómstigs og álits formanna laganeftndar kærða og ÍSÍ. Þá hafi málið verið borið undir landsliðsþjálfara og aðila innan landsliðsneftndar. Á sérstökum stjórnarfundum sama dag var málefni kæranda tekið fyrir að nýju og var þar samþykkt að víkja kæranda úr A-landsliði hestamanna. Var yfirlýsing þess efnis samþykkt með fyrirvara um yfirferð laganeftndar og landsliðsneftndar kærða. Kveður kærði að samþykki þessara aðila hafi legið fyrir degi síðar, 30. október 2021. Þann sama dag var yfirlýsing um umrædda ákvörðun birt á heimasíðu kærða og kæranda sjálfum tilkynnt um brottvikninguna símleiðis af landsliðsþjálfara. Kærði vísar ennfremur til þess að fyrir umrædda ákvörðun og eftir hana hafi aðilar sem starfa innan kærða mátt sitja undir hótunum, áreiti og annarri óforsvaranlegri háttsemi kæranda. Hafi sú framkoma gagnvart stjórnendum kærða og íþróttinni í heild sinni verið með þeim hætti að hún ein og sér myndi leiða til þess að kærandi hafi fyrirgert landsliðssæti sínu.

Þegar kom að landsliðsvali fyrir heimsmeistarakeppnina 2023 stóð ákvörðun um brottvikningu kæranda úr landsliðinu haustið 2021 enn. Var kærandi því ekki valinn. Þann 23. maí 2023 barst erindi frá lögmanni kæranda þar sem farið var fram á að kærði drægi ákvörðun sína frá 2021 um brottvikningu kæranda til baka. Með bréfi, dags. 16. júní 2023, var því erindi svarað af hálfu kærða og afstaða kærða um að víkja ekki frá fyrri ákvörðun áréttað og útskýrð. Þann 23. júní 2023 barst annað erindi frá lögmanni kæranda, sama dag og kæra var lögð fram til dómstóls ÍSÍ.

Kærði hafnar því að sem ríkjandi heimsmeistari eigi kærandi sjálfkrafa skýlausan rétt til að taka þátt á næstu heimsmeistarakeppni. Samkvæmt gr. 7.1 í reglum kærða um íþóttakeppni, sbr. gr. S7.1 í reglum FEIF, komi skýrt fram að landsliðsþjálfari hafi sama vald yfir ríkjandi heimsmeistara og öðrum meðlimum landsliðsins. Einnig að ríkjandi heimsmeistari skuli fara eftir lögum og reglum landsliðsins í viðkomandi landi. Reglur kærða um íþróttakeppni séu þýðing á reglum FEIF.

Kærði hafnar því jafnframt að í landsliðssæti íþróttamanna, þ.á.m. knapa, geti falist atvinnuréttindi sem varin eru af atvinnufrelsisákvæði 75. gr. stjórnarskrárinnara. Val á landsliði séu forréttindi og heiður en ekki réttindi nokkurs íþróttamanns enda komi inn í val á landsliði fjölmargar breytur, þ.á.m. siðferðilegir mælikvarðar.

Kærði krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi og vísar í því skyni til tveggja málsástæðna. Í fyrsta lagi byggir kærði á því að kærufrestur sé sannarlega liðinn. Niðurstaða liggur fyrir í málinu varðandi þennan kröfulið. Í öðru lagi byggir kærði frávísunarkröfu sína á því að málið sé ekki tækt til meðferðar vegna atriða er varða kröfugerð og aðild. Vísar kærði til þess að krafa kæranda verði val á landsliði sem sé almennt á forræði tilgreindra aðila innan hvers sérsambands fyrir sig og ekki háð endurskoðun dómstóla ÍSÍ. Vísar kærði því til stuðnings til 35. og 36. gr. laga ÍSÍ. Þá vísar kærði til þess að ekki hafi verið staðið að aðild í málinu með viðeigandi hætti.

Kærði krefst þess til vara að kröfum kæranda verði hafnað. Vísar kærði til þess að fyrir liggi að kærandi hlaut refsíðóm fyrir alvarlegt kynferðisbrot gagnvart ólögráða einstaklingi sem heimfært var undir 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, sem heyrir undir XXII. kafla laganna. Um þann dóm tilkynnti kærandi ekki til stjórnar kærða, landsliðsnefndar eða til landsliðsþjálfara. Telur kærði að brottvikning kæranda úr landsliði Íslands árið 2021 hafi verið réttmæt og lögum samkvæmt. Vísar kærandi sérstaklega í því samhengi til ákvæðis A1.6 í almennum reglum kærða um keppni, sbr. ákvæði G1.6 í reglum FEIF, sem kveður á um að sérhver fulltrúi sem komi fram sem fulltrúi FEIF á opinberum vettvangi skuli sæta varanlegri brottvikningu hljóti hann dóm vegna

ofbeldis- eða kynferðisbrots. Segir þar ennfremur að á öllum fulltrúum hvíli skylda til að tilkynna sjálfir um sérhverja ákæru eða dóm sem þeir hafa hlotið og sé sú skylda vanrækt varði það fyrirvaralausri og varanlegri brottvikningu. Þá vísar kærði til siðareglna landsliðsnefndar kærða sem samþykktar voru þann 18. mars 2021 sem kveða á um að kynferðisleg áreitning og önnur ósæmileg hegðun verði ekki liðin og að brot gegn siðareglunum gæti varðað brottrekstri. Að lokum vísar kærði til 5. gr. a) í lögum ÍSÍ sbr. og 16. gr. íþróttalaga nr. 64/1998 að óheimilt sé að sé að ráða til starfa innan íþróttahreyfingarinnar einstaklinga sem vitað er að hafi hlotið refsíðoma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Forsendur og niðurstöður

Varðandi frávísunarkröfu kærða á grundvelli kröfugerðar og aðildar er það álit dómsins að málið eins og það liggur fyrir eigi undir dóminn. Er í því sambandi vísað til 37. gr. 4. t.l. laga ÍSÍ. Eigi verður séð að ákvæðin um Úrskurðar- og aganefnd LA í lögum kærða og reglugerð aganefndar taki til málsins.

Samkvæmt kröfugerð kæranda lítur mál þetta að ákvörðun kærða að víkja kæranda úr landsliðshópi Íslands í hestaíþróttum. Það liggur fyrir að sú ákvörðun var tekin þann 30. október 2021 og kynnt kæranda símleiðis og birt á heimasíðu kærða þann 31. október 2021. Ákvörðunin var samykkt einróma af stjórn kærða og var samhliða borin undir laganefnd og landsliðsnefnd kærða. Þann 23. maí 2023 krafðist kærandi þess með erindi sínu til kærða að umrædd ákvörðun yrði afturkölluð og kærandi þegar tekinn inn í landsliðshóp Íslands í hestaíþróttum. Þann 16. júní 2023 var erindi kæranda svarað og því hafnað að afturkalla fyrri ákvörðun um brottvikningu kæranda úr landsliðshópi í hestaíþróttum.

Kærandi byggir á því að samkvæmt reglum FEIF, sbr. gr. S7.1, eiga hann sem ríkjandi heimsmeistarari frá keppni á árinu 2019 rétt til að taka þátt í næsta heimsmeistaramóti. Kærði mótmælir því að sem ríkjandi heimsmeistari eigi kærandi sjálfkrafa skýlausan rétt til að taka þátt á næstu heimsmeistarakeppni, sbr. gr. Í7.1 í reglum kærða um íþróttakeppni.

Í ofangreindum reglum kemur fram að ríkjandi heimsmeistara er heimilt að taka þátt í næsta heimsmeistaramóti með sama eða annan gjaldgengan hest. Þeir skulu vera formlega skráðir af viðkomandi landssamtökum, en hefja keppni til viðbótar við landsliðið. Samkvæmt þessu hafði

kærandi lögvarða hagsmuni af því að fá úr því skorðið fyrir heimsmeistaramótið í Hollandi 2023 hvort ákvörðun kærða um að víkja honum úr landsliðshópnum stæði.

Kærði byggir ákvörðun sína um að víkja kæranda úr landsliðshópnum á 5. gr. a) í lögum ÍSÍ sbr. og 16. gr. íþróttalaga nr. 64/1998 þar sem fram kemur að óheimilt sé að sé að ráða til starfa innan íþróttahreyfingarinnar einstaklinga sem vitað er að hafi hlotið refsídóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Einnig byggir kærði á ákvæði A1.6 í almennum reglum kærða um keppni, sbr. ákvæði G1.6 í reglum FEIF, sem kveður á um að sérhver fulltrúi sem komi fram sem fulltrúi FEIF á opinberum vettvangi skuli sæta varanlegri brottvikningu hljóti hann dóm vegna ofbeldis- eða kynferðisbrots.

Svipting réttar til að gegna trúnaðarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar tímabundið eða ævilangt, hefur ekki í för með sér missi almennra félagsréttinda eða keppnisréttar, sbr. lög ÍSÍ gr. 38.2 lið c) ii). Það er álit dómsins að tilvitnuð ákvæði varðandi fulltrúa sem gegna trúnaðarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar gildi ekki um knapa frekar en aðra íþróttaiðkendur. Slíkt hefði í för með sér að keppendur væru útilokaðir frá keppni ævilangt sem er ekki í samræmi við gr. 38.2 lið c) ii). Samkvæmt þessu liggur fyrir að ákvörðun kærða um að víkja kæranda úr landsliðshópnum byggir ekki á ofangreindum lagaheimildum sem kærði byggir á.

Það er álit dómsins að refsíðómar vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 geti haft í för með sér óhlutgengi, þ.e. útilokun frá keppni, skv. lögum ÍSÍ gr. 38.2 lið c) i). Jafnframt þarf að taka afstöðu til þess hvort háttsemi kæranda, sem kærði byggir á, um að fyrir umrædda ákvörðun og eftir hana hafi aðilar sem starfa innan kærða mátt sitja undir hótunum, áreiti og annarri óforsvaranlegri háttsemi kæranda, falli undir ákvæðið.

Það er álit dómsins og gegn mótmælum kæranda að ofangreind háttsemi kæranda sé þess eðlis að hún útiloki kæranda frá þátttöku í keppnum, skv. gr. 38.2 lið c)i) í lögum ÍSÍ, sem leiðir til þess að hafna ber kröfu kæranda í málinu.


Samkvæmt því verður að ætla að kærði kveði á um tímalengd óhlutgengis kæranda nú þegar, enda verður að telja að kærandi eigi skýlausan rétt á að upplýst verði um tímalengd óhlutgengisins, sem er kæránleg til Dómstóls ÍSÍ, skv. 24. gr. laga ÍSÍ.

Ekki eru forsendur til að fallast á kröfur málsaðila um greiðslu málskostnaðar og skulu málsaðilar bera sinn kostnað af málinu.

V.

Dómsorð:

Kröfu kæranda um að felld verði úr gildi ákvörðun stjórnar Landssambands Hestmannafélaga og landsliðsnefndar sambandsins að víkja kæranda úr landsliðshópi Íslands í hestaíþróttum, er hafnað. Kröfum um greiðslu málskostnaðar, er hafnað.



Halldór Frímannsson
dómari

Aðilum er bent á ákvæði 35.3 í lögum ÍSÍ þar sem segir að frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins skal vera ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.